

Aðalfundur FT - 23. maí 2019

Á aðalfund FT voru mættir 17 samkvæmt mætingarlista.

Hrafn Þorvaldsson, formaður FT, setur aðalfund FT. Stingur upp á Björgvini Áskelssyni sem fundarstjóra - Samþykkt. Stungið er upp á Einar Indriðasyni sem fundarritara - samþykkt.

Björgvin tekur við, kannar lögmæti fundar. Fundur lögmætur, boðaður með réttum fyrirvara. Við upphaf aðalfundar eru 17 aðilar mættir.

Dagskrá er samkvæmt lögum FT:

1) Skýrsla um störf stjórnar á undanfögnu ári. Hrafn Þorvaldsson flytur. Nýjir meðlimir eru 139.

2) Reikningsskil - Haukur

Rætt um að tala við sjóðinn Auði, til að ávaxta sjóði FT. Ekki hægt, Auður er bara fyrir einstaklinga.

Spurning úr sal: Er búið að borga nýjan vef upp? Já, nýr vefur er fullborgaður.

Reikningar bornir upp til samþykktar. Samþykktir með lófaklappi.

3) Lagabreytingar. Engar tillögur til lagabreytinga bárust.

Núgildandi lög eru hengd við í viðauka A.

4) Kosning nýrrar stjórnar:

a) Hrafn gefur kost á sér til áframhaldandi formennsku. Ekki kom mótframboð. Samþykktur einhljóma.

b) Í stjórn buðu sig fram: Gunnlaugur Bollason, Haukur Harðarson, Birna Guðmundsdóttir, Einar Indriðason.

Ekki komu mótframboð við framboð í stjórnarsetu.

c) Varamenn: Hér voru 3 aðilar sem buðu sig fram: Björgvin Áskelsson, Monica Roisman, Einar Örn Gissurarson bjóða sig fram.

Kosning framkvæmd með því að skrifa nafn á miða, og telja. Opinber teljari var Birna Guðmundsdóttir með eftirfarandi tölur:

BA: 13

MR: 13

EÖG: 4

Björgvin og Monica voru kjörin sem varamenn.

5) Skoðunarmenn reikninga. Samkvæmt hefð er stungið upp á Kjartani Guðmundssyni, og Ívari Guðmundssyni. Aðrar uppástungur bárust ekki. Kjartan og Ívar eru því skoðunarmenn reikninga FT. Var því fagnað með lófataki.

6) Ákvörðun félagsgjalda. Hér komu nokkrar tillögur og punktar fram:

Kjartan Guðmundsson: Óbreytt, við eigum fullt af peningum.

Ívar Guðmundsson: Kaupa meiri þjónustu frá utanaðkomandi aðilum.

Valdimar Tryggvason: taka árið í að hugsa um hvort og hvað er gert fyrir næsta aðalfund.

Einar Indriðason: Hugsanlega ætti að taka yfirferð á lögum, og endurskoða lög.

Uppástungur, ásamt atkvæðafjölda per uppástungu (gjört með handauppréttingu, og möguleika um að kjósa um fleiri en einn valmöguleika) um félagsgjöld voru eftirfarandi, á ári:

6.000,- IKR - 8 atkvæði
4.000,- IKR - 5 atkvæði
3.500,- IKR - 5 atkvæði
3.000,- IKR - 8 atkvæði

Kosning var þá endurtekin, með einungis tvo valkosti í boði: 6.000,- IKR versus 3.000,- Hlaut uppástunga um 6.000,- IKR 8 atkvæði, en uppástunga um 3.000,- IKR hlaut 9 atkvæði.

Ársgjald í FT verða því óbreytt, krónur 3.000,- IKR

Vísað til stjórnar um hvort og hvernig skuli hækka félagsgjöld.

Umræða um skrifstofu FT, hvort FT ætti að hafa skrifstofu, og hvar. Vísað til stjórnar til nánari útfærslu.

7) Önnur mál. Síðasta mál á opinberri dagskrá. Fjölda mála bar á góma:

Kjartan Guðmundsson bað um orðið, og fór yfir skilgreiningu á Tölvunarfræði og Tölvunarstærðfræði. Sagði hann að HR væri að útskrifa nemendur með BSc í Tölvunarstærðfræði. Þeir nemendur falla utan við allt, og spurning hvort FT myndi samþykkja nám í Tölvunarstærðfræði við HR, þannig að það myndi falla undir skilgreiningu FT á Tölvunarfræði. Var fundi tilkynnt að menntanefnd FT hefði skoðað þetta nám, og litið svo á að þetta geti rúmast innan Tölvunarfræðinnar. Var þessari tilkynningu fagnað með lófaklappi, og Tölvunarstærðfræðin boðin velkomin.

(Bréf Kjartans Guðmundssonar, sem hann las upp á fundinum, er hengt við sem viðauki B.)

Ábending úr sal kom um að á vef FT myndi vera linkur á viðeigandi lög alþingis, er varða lögverndun starfsheitisins Tölvunarfræðingur.

Lagt til að nota árið til að endurskoða lögverndun á Tölvunarstærðfræði.

Tilkynna þarf Háskólunum þessa ákvörðun aðalfundar FT, og hvetja þannig menntanefnd FT til að hittast.

Ívar Guðmundsson kom með ábendingu um að lög FT yrðu endurskoðuð.

Einar Indriðason (ritari) steig í pontu (og tók Birna Guðmundsdóttir við sem tímabundinn ritari). Það eru tvö félög, FT og ST. Sinna mismunandi hlutverkum, en eru samvinnuð á marga vegu, og eiga að vinna að hag Tölvunarfræðinga. FT sinnir kjarakönnun, sem mætti rökstyðja að ætti betur heima hjá ST. En þetta á sér sögulegar rætur, og yrði eflaust mjög snúið að flytja milli félaga. Alls ekkert víst að félagar yrðu sáttir við þetta. Auk þess myndi þetta slíta samfellu FT, sem gæti flokkast sem verðmæt eign. Auk þess komu upp vangaveltur um að þetta myndi hýfa VFÍ upp, en draga Tölvunarfræðinga niður.

En annað er líka í vissri þælingu, og það er hvort ST (stéttarfélagið) ætti að renna undir hatt kjaranefndar Verkfræðingafélagsins. Engin ákvörðun tekin, enda er þetta bara þæling núna, og kemur í framhaldi af því að Tæknifræðingar og Verkfræðingar sameinuðust undir einum hatti.

Eftir þetta innleg steig Einar úr pontu, og tók pennann í hönd aftur.

Það var nefnt líka, að skoða og kanna áhuga á utanlandsferð. Stungið var upp á að útvista umsjón um slíka ferð til t.d. Bændaferða. Félagsmenn voru hvattir til að hafa samband við stjórn FT til að bjóða fram sína starfskrafta.

Spurt var, hvort Ft væri í nægum tengslum við félagsmenn? Þyrfti jafnvel að hringja í fólk, og reyna þannig að veiða fólk inn í FT. Vandamál hér er það að FT fær ekki lengur sjálfkrafa lista yfir útskrifaða Tölvunarfræðinga frá HÍ / HR, og þarf því að reyna að veiða þá inn í FT eftir öðrum leiðum.

Varðandi pósthöng meðlima FT, þá var nefnd að FT meðlimir ættu ekki að skrá sig með núverandi vinnu-tölvupósthöng, heldur nota frekar t.d. Gmail. Ástæðan er sú að ef/þegar fólk skiptir um vinnu, þá eltir vinnupósthöngið fólk yfirleitt ekki. Þar með slitnar tengingin.

Kjarakönnun mun þurfa að vera vatnsmerkt.

Og beint til fólks að fara inn á nýjan vef FT, skoða upplýsingar um sig sjálf, og staðfesta tölvupóstfang það sem þar er skráð.

Fleira bara ekki á góma, undir liðnum önnur mál á aðalfundi FT.

Fundarstjóri, Björgvin, horfði yfir salinn, og sleit aðalfundi FT.

(Eftir aðalfund FT, tók Birna Guðmundsdóttir við, og kynnti kjarakönnun FT.)

Viðauki A - Lög FT - tekið af vef FT:
<https://ft.is/um-felag-tolvunarfraedinga/log-ft/>

Lög Félags tölvunarfræðinga
Síðast breytt á aðalfundi 25. maí 2016

1. gr.

Félagið heitir Félag tölvunarfræðinga og hefur heimili og varnarþing í Reykjavík

2. gr.

Markmið félagsins er:

1. Að gæta sameiginlegra hagsmuna félagsmanna.
 2. Að vera í forsvari fyrir félagsmenn gagnvart innlendum og erlendum aðilum á sviðum tengdum störfum félagsmanna.
 3. Að efla þekkingu félagsmanna.
 4. Að efla tengsl og kynni félagsmanna.
-

3. gr.

Félagið vinnur að markmiði sínu m.a. með því:

1. Að halda fundi um áhugamál félagsmanna.
 2. Að standa fyrir námskeiðum og erindaflutningi.
 3. Að hafa tengsl við samtök háskólamenntaðra manna héraendis og erlendis.
 4. Að kynna tölvunarfræðina og tölvunarfræðinga fyrir utanaðkomandi aðilum.
-

4. gr.

Þeir sem ljúka B.S. prófi eða æðri gráðu í tölvunarfræðum frá íslenskum háskóla geta orðið félagsmenn. Jafnframt geta aðrir sem lokið hafa sambærilegu prófi úr viðurkenndum háskóla, að mati stjórnar orðið félagsmenn.

Mat þetta skal byggt á reglum sem samþykktar hafa verið af félagsmönnum á aðalfundi. Félagsmaður er undanþeginn greiðslu félagsgjalda fyrsta árið sem hann er í félaginu. Félagsmenn skulu greiða félagsgjald skv. ákvörðun aðalfundar hverju sinni. Félagsgjald skal greitt fyrir september ár hvert. Þeir félagsmenn sem búsettir eru erlendis vegna náms eða starfa skulu greiða hálf félagsgjald. Félagsmenn eldri en 65 ára og heiðursfélagar skv. [6. gr.](#) skulu undanþegnir greiðslu félagsgjalds.

Hjón eða sambúðarfólk sem bæði eru skráð í félagið skulu borga hálf félagsgjald hvort.

5. gr.

Félagsmaður skal hlíta siðareglum félagsins. Siðareglur félagsins eru hluti af lögum þess.

Siðareglur Félags tölvunarfræðinga:

1. Félagar skulu starfa heiðarlega.
 2. Félagar skulu starfa af faglegri ábyrgð.
 3. Félagi sem tekur að sér verk fyrir verkkaupa er óheimilt að taka við þóknun eða fríðindum frá þriðja aðila í sambandi við verkið, nema samþykki verkkaupa komi til.
 4. Félagar skulu ekki nota neinar trúnaðarupplýsingar frá vinnuveitanda eða skjólstæðingi, núverandi eða fyrrverandi án þess að fá leyfi til þess.
 5. Félagar ættu að auka faglega færni sína sem mest á hverjum tíma.
 6. Félagar eru hvattir til að auka orðstír félagsins.
 7. Félagar eru hvattir til að miðla faglegri reynslu á vettvangi félagsins.
-

6. gr.

Félagsfundur getur að tillögu stjórnar kosið heiðursfélaga, menn sem leyst hafa af hendi mikilsverð störf á sviði tölvunarfræði. Til að samþykkja tillöguna þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

7. gr.

Greiði félagsmaður ekki félagsgjald sitt í tvö ár er stjórn félagsins heimilt að skoða slíkt sem úrsögn úr félaginu, en áður en til þess kemur skal stjórnin senda viðkomandi áskorun um greiðslu ógreiddra félagsgjalda. Óski félagsmaður þess að segja sig úr félaginu skal hann gera það skriflega til stjórnar.

Brjótí félagsmaður ítrekað eða verulega gegn lögum félagsins er stjórn þess heimilt að víkja manni úr félaginu. Stjórn félagsins skal jafnan senda félagsmanni sem gerst hefur brotlegur áminningu fyrst. Félagsmanni er heimilt að skjóta ákvörðun stjórnar til félagsfundar.

8. gr.

Félagsfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda fyrir lok maímánaðar árlega. Aðalfund og félagsfundi skal boða skriflega með 14 daga fyrirvara hið minnsta. Skulu lög félagsins send félagsmönnum með aðalfundarboði. Félagsfundur er lögmaður sé löglega til hans boðað og ræður fjöldi atkvæða úrslitum mála, nema annars sé getið í lögum þessum. Atkvæðisrétt hafa skuldlausir félagsmenn.

Stjórnin skal halda félagsfund ef tíundi hluti félagsmanna æskja þess skriflega. Skal hann haldinn innan eins mánaðar. Lagabreytingar skulu kynntar félagsmönnum með aðalfundarboði og einungis vera teknar fyrir á aðalfundi.

9. gr.

Þessi mál skulu tekin fyrir á aðalfundi í eftirfarandi röð:

1. Skýrsla um störf félagsins á liðnu starfsári.
 2. Reikningsskil.
 3. Lagabreytingar.
 4. Kosning stjórnar og varamanna.
 5. Kosning skoðunarmanna.
 6. Ákvörðun félagsgjalda.
 7. Önnur mál.
-

10. gr.

Um kosningu til trúnaðarstarfa fyrir félagið skulu gilda eftirfarandi reglur:

1. Kjósa skal leynilegri skriflegri kosningu.
 2. Embættisgengi hafa allir skuldlausir félagsmenn.
 3. Kjörtímabil er til næsta aðalfundar.
 4. Kosning skal vera bundin.
 5. Þegar kosið er um fleiri en eitt embætti í einu skal fjöldi nafna á kjörseðli ekki vera umfram fjölda embætta sem kosið er um. Þeir sem flest atkvæði fá teljast réttkjörnir.
-

11. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum. Kjósa skal formann sérstaklega, en aðra sameiginlega. Tvo varamenn skal kjósa sameiginlega. Stjórnin skiptir með sér verkum, en störfin eru: Gjaldkeri, ritari, formaður kjaranefndar og menntari. Ritari gegnir störfum formanns í fjarveru hans.

Formaður boðar til stjórnarfundar. Skyld er að halda stjórnarfundum ef stjórnarmaður gerir um það kröfu. Gerðir stjórnarinnar skulu bókaðar.

12. gr.

Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn. Skoðunarmenn skulu fara yfir reikninga félagsins og staðreyna hvort ársreikningur sé gerður í samræmi við góða bókhaldsvenju. Við þessa vinnu sína skulu skoðunarmenn kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Þá skulu skoðunarmenn kanna hvort reikningar séu í samræmi við ákvarðanir félagsfunda og stjórnar. Skoðunarmenn skulu árita ársreikninga félagsins um að endurskoðun hafi farið fram.

13. gr.

Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins með þeim takmörkum sem lög þessi setja. Hún tekur nánari ákvarðanir um starfsemi félagsins og ber ábyrgð á fjárreiðum þess. Hún skuldbindur félagið gagnvart öðrum aðilum og er undirskrift formanns og gjaldkera nægileg til þess.

14. gr.

Innan félagsins skal starfa kjaranefnd sem hefur það hlutverk að safna upplýsingum um launa- og starfskjör félagsmanna. Nefndarmenn skulu vera tveir, skipaðir af stjórn félagsins. Formaður nefndarinnar skal vera einn stjórnarmanna.

15. gr.

Innan félagsins skal starfa siðanefnd sem hefur það hlutverk að kveða upp úrskurði um kærur sem berast vegna meintra brota á siðareglum félagsins. Siðanefnd hefur einnig heimild til að taka upp mál sem varða meint brot á siðareglum félagsins. Ritari félagsins er sjálfkrafa formaður nefndarinnar. Stjórn félagsins skipar 2 aðra aðila í nefndina.

Komi upp sú staða að nefndarmaður í siðanefnd tengist meintu siðabroti skal hann skilyrðislaust víkja og annar skipaður í hans stað.

16. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að stofna til annarra nefnda en að ofan greinir og jafnframt að fela fastanefndum önnur verkefni en um getur í [14.](#) og [15. gr.](#)

17. gr.

Reikningsár félagsins er frá 1. apríl til 31. mars.

18. gr.

Til þess að lagabreyting nái fram að ganga þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

19. gr.

Tillaga til slita á félaginu þarf samþykki 3/4 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi. Ákveði aðalfundur að slíta félaginu skulu allar eigur þess, ef einhverjar eru, renna til tölvunarfræðiskorar HÍ.

20. gr.

Samþykktar lagabreytingar öðlist þegar gildi.

Vinsamlega sendið athugasemdir til ft@ft.is

Viðauki B - Bréf Kjartans Guðmundssonar, varðandi það að menntanefnd leggur til að Tölvunarstærðfræðingar, útskrifaðir úr HR, fái aðgang að FT:

Reykjavík 23 maí. 2019

Tölvunarstærðfræði viðurkennd sem tölvunarfræði.

Háskólinn í Reykjavík útskrifar tölvunarfræðinga, tölvunarstærðfræðinga og hugbúnaðarverkfræðinga. Af og til fær menntanefnd beiðni um inngöngu tölvunarstærðfræðinga og hugbúnaðarverkfræðinga í FT. Menntanefnd hefur bent hugbúnaðarverkfræðingum á Félag verkfræðinga.

Tölvunarfræði er lögvárið starfsheiti sem og verkfræðingur. Sá sem er útskrifaður með BS gráðu í tölvunarstærðfræði á ekki sjálfkrafa rétt á inngöngu í Félag tölvunarfræðinga. Lagt er til að það verði samþykkt á þessum fundi að BS próf í tölvunarstærðfræði veiti rétt til inngöngu í Félag tölvunarfræðinga og þar með geti þeir gengið í stéttarfélag tölvunarfræðinga.

Kjartan R. Guðmundsson